

## Tillaga til þingsályktunar

### um flutning Útlendingastofnunar til Reykjanesbæjar.

Flm.: Birgir Þórarinnsson, Ásmundur Friðriksson, Vilhjálmur Árnason.

Alþingi ályktar að stefna skuli að flutningi Útlendingastofnunar til Reykjanesbæjar.

#### Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 152. og 153. löggjafarþingi (40. mál) og er nú endurflutt óbreytt.

Útlendingastofnun er ein af undirstofnunum dómsmálaráðuneytisins og starfar samkvæmt löggjöf um málefni útlendinga. Umfangsmesti þáttur í starfsemi Útlendingastofnunar er útgáfa dvalarleyfa, hvort sem um er að ræða dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku eða t.d. fjölskyldusameiningar, námsvistar eða vistráðningar, og afgreiðsla umsókna um alþjóðlega vernd og umsókna um íslenskan ríkisborgararétt.

Stofnunin er til húsa á Dalvegi 18 í Kópavogi og er vinnuveitandi 86 starfsmanna. Mikill meiri hluti opinberra stofnana er á höfuðborgarsvæðinu og af því leiðir að störf flestra stofnana standa í raun einungis íbúum höfuðborgarsvæðisins til boða. Með flutningi Útlendingastofnunar til Reykjanesbæjar væri tekið stórt skref í átt að því að tryggja fjölbreytt atvinnutækifæri utan höfuðborgarsvæðisins. Á Suðurnesjum er hlutfall háskólamenntaðra mun lægra en landsmeðaltal. Mikill meiri hluti starfa hjá Útlendingastofnun eru sérfræðistörf sem krefjast háskólamenntunar. Með flutningi stofnunarinnar til Reykjanesbæjar væri því sérfræðistörfum fjölgað og hlutfall háskólamenntaðra á svæðinu bætt.

Þar að auki býr fjöldi innflytjenda á Suðurnesjum sem nýtir sér þjónustu stofnunarinnar, en um 9% íbúa bæjarins eru af erlendum uppruna. Þá er rétt að líta til þess að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem sækjast eftir alþjóðlegri vernd kemur til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll og því væri hentugt að stofnunin yrði í meiri nálægð við flugvöllinn. Jafnframt hefur velferðarsvið Reykjanesbæjar séð um þjónustu og aðbúnað þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi síðan árið 2004 og var Reykjanesbær fyrsta sveitarfélagið til að bjóða upp á þá þjónustu.

Fólksfækkun á landsbyggðinni vegna flutninga til höfuðborgarsvæðisins hefur um langa hríð verið eitt af meginvandamálum samfélaga á landsbyggðinni og jafnframt skortur á störfum og lítil fjölbreytni starfa. Aukinn fjöldi og fjölbreytni starfa utan höfuðborgarsvæðisins eykur líkurnar á því að fólk af landsbyggðinni sem sækir sér menntun á höfuðborgarsvæðinu snúi aftur til heimabæjar síns eftir að námi líkur og laðar auk þess að nýja íbúa. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um samfélagsgreiningu á Suðurnesjum frá 8. október 2021 kemur fram að atvinnulíf á Suðurnesjum sé einhæft og framboð atvinnu takmarkað. Þá kjósi margir íbúar svæðisins að starfa í Reykjavík þar sem fleiri möguleikar og fjölbreyttara úrval starfa sé í boði. Atvinnulífið í Reykjanesbæ er að miklu leyti háð flugsamgöngum og ferðaþjónustu og lítið er um sérfræðistörf á öðrum sviðum. Flutningur Útlendingastofnunar

til sveitarfélagsins myndi því ótvírætt stuðla að nauðsynlegri fjölbreytni vinnumarkaðarins á Suðurnesjum.

Atvinnumöguleikar ráða óneitanlega miklu þegar einstaklingar ákveða hvar búa skuli, en þeir möguleikar eru umtalsvert minni í Reykjanesbæ en á höfuðborgarsvæðinu og bera opinberar tölur um atvinnuleysi það skýrlega með sér. Samkvæmt upplýsingum Vinnuálastofnunar var áætlað atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu í desember 2021 5,0%, en á sama tíma var atvinnuleysi í Reykjanesbæ 9,9%. Slíkt misræmi í atvinnuleysi á milli bæjarfélaga er óheppilegt og er því rétt að bregðast við með þeim hætti að auka framboð og fjölbreytni á atvinnu í Reykjanesbæ eins og hér er lagt til.

Þrátt fyrir að eitthvert óhagræði geti verið af því fyrir núverandi starfsmenn Útlendingastofnunar að starfsemin verði flutt út fyrir höfuðborgarsvæðið, þá er Reykjanesbær skammt frá höfuðborgarsvæðinu og væri því ekki sérlega íþyngjandi fyrir starfsmenn stofnunarinnar ef hún yrði flutt til Reykjanesbæjar.